

Fundargerð skólaráðsfundar

Fundarstaður:	Varmárskóli
Fundardagur:	mánudagur 21. október 2019
Fundartími:	8:10 – 9:10
Fundarmeðlimir	Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri - fundarstjóri Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri – fundarritari Ásta Benediktsdóttir, fulltrúi kennara Agnes Jónsdóttir, fulltrúi kennara Margrét Gróa Björnsdóttir, varamaður fulltrúa annars starfsfólks Jón Ragnars, fulltrúi foreldra Málfríður Jörgensen/Lilly, fulltrúi foreldra Ari Jakobsson, fulltrúi nemenda Birta Kjartansdóttir, fulltrúi nemenda

Anna Greta Ólafsdóttir bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá fundarins. Samþykkt að bæta við undir liðnum „Önnur mál“ kynningu á fjárhagsáætlun.

Dagskrá:

1) Starfsáætlun skólaráðs

- a. Farið yfir drög að starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2019 – 2020. Engar athugasemdir bárust. Starfsáætlunin birtist í kafla skólaráðs í starfsáætlun Varmárskóla 2019 – 2020 á heimasíðu skólans.

2) Staða framkvæmda

- a. Farið yfir stöðu framkvæmda frá því í september og farið lauslega yfir þá þætti sem hafa klárast frá þeim tíma. Upplýsingafundur fyrir foreldra verður haldinn 31. október. Athugasemd barst varðandi tímasetningu fundarins, en í Leirvogstungu er haldið upp á hrekkjavöku á þessum tíma. Skoðað verður hvort hægt sé að færa fundinn til kl. 18:00.

3) Tillaga að grenndarfulltrúa í skólaráði

- a. Lögð fram tillaga þess efnis að Hrafnhildur Gísladóttir forstöðumaður Bólsins verði grenndarfulltrúi.

4) Starfsáætlun og skólanámskrá

- a. Kynnt vinna við endurskoðaða skólanámskrá sem birtist með tvennum hætti á heimasíðu skólans, annarsvegar undir flípanum kennsluáætlanir þar sem áherslur í námi koma fram ásamt námsmarkmiðum hvers fags í hverjum árgangi fyrir sig og hins vegar undir flípanum skólanámskrá þar sem almennur hluti námskrárinnar er birt.
- b. Kynnt var stuttlega starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2019 – 2020 sem verður birt á heimasíðu skólans.

5) Önnur mál



- a. Fjárhagsáætlun, farið yfir ósamþykktu fjárhagsáætlun skólans og helstu breytingar milli ára.
- b. Fulltrúar foreldra óska eftir aukafundi í skólaráði þar sem fundarefni yrði niðurstöður kannanna.

Fundi slitið, fundargerð ritaði Þórhildur Elfarsdóttir